

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2019/401****2019/EES/58/10****frá 19. desember 2018****um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 389/2013 um stofnun skrár Sambandsins (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 19. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Nákvæmt bókhald yfir færslur samkvæmt viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir, sem komið var á fót með tilskipun 2003/87/EB, Kýótóbókuninni og ákvörðun nr. 406/2009/EB, er tryggt með skráningarkerfi.
- 2) Til að vernda umhverfislegan heilleika viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir mega flugrekendur og aðrir rekstraraðilar í viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir, ef nauðsyn krefur og eins lengi og nauðsyn krefur, ekki nota losunarheimildir sem gefnar eru út af aðildarríki sem hefur tilkynnt leiðtogaráðinu að það hyggist segja sig úr Sambandinu skv. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í ljósi samningaviðræðnanna skv. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið og skv. a-lið 3. mgr. 12. gr. tilskipunar 2003/87/EB ætti framkvæmdastjórnin að meta reglulega hvort notkun losunarheimilda af hálfu aðildarríkis sé heimil þar sem umráðendur loftfara/flugrekendur og aðrir rekstraraðilar sinna ekki skuldbindingum sínum, einkum ef lög Sambandsins hafa enn ekki fallið úr gildi í viðkomandi aðildarríki eða ef tryggt er á fullnægjandi hátt að innskil losunarheimilda fari fram með hætti sem unnt er að framfylgja samkvæmt lögum áður en sáttmálarnir falla úr gildi.
- 3) Með drögum að samningi um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu (hér á eftir nefndur útgöngusamningurinn), sem samningsaðilarnir samþykktu 14. nóvember 2018, er komið á fót umbreytingartímabili og tryggt að rekstraraðilar í Bretlandi standi við skuldbindingar sínar, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2003/87/EB, að því er varðar losun þeirra á árunum 2019 og 2020. Þegar útgöngusamningurinn tekur gildi er ekki lengur nauðsynlegt að takmarka notkun losunarheimilda sem gefnar eru út af slíku aðildarríki á þeim árum.
- 4) Frá deginum eftir þann dag þegar báðir aðilar að útgöngusamningnum hafa afhent aðalframkvæmdastjóra ráðsins skjöl sín um fullgildingu til vörslu skal því ekki fara fram merking losunarheimilda.
- 5) Fastsetja ætti viðeigandi tæknilegar ráðstafanir til að tryggja skilvirkni þessarar reglugerðar þegar hún öðlast gildi.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. 2019, ESB L 72, 14.3.2019, bls. 4. Henni var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 178/2019 frá 13. júní 2019 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stj. 2003, ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Eftirfarandi málsgrein bætist við 4. mgr. 41. gr. reglugerðar (ESB) nr. 389/2013:

„Frá deginum eftir þann dag þegar bæði fullgildingarskjölin varðandi útgöngusamninginn hafa verið afhent til vörslu skal ekki auðkenna losunarheimildir sem stofnaðar voru fyrir 2019 og 2020 með landskóða ef reglufylgni við tilskipun 2003/87/EB er krafist varðandi losun sem verður til á þessum árum með samningi þar sem sett er fram fyrirkomulag fyrir útgöngu slíks aðildarríkis úr Evrópusambandinu.“

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. desember 2018.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---